

BRÁÐA

6. árgangur 2. tbl.

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð

Apríl 2001



Myndbönd með kennslu í akantus skurði

Félagið hefur keypt kennslumyndbönd í akantus skurði frá Ameríku, sem eru gerð af myndskurðarmeisturum sem lært hafa og lokið prófi í tréskurði við norska skóla og gefið út bækur um tréskurð, en þau eru Philip Odden, Else Bigton og Hans Sandom frá Noregi. Myndböndin verða sýnd á félagsfundum í haust og ef til vill lánuð til félagsmanna gegn tryggingu síðar. Nánar um þetta í haust, en þess má geta, að fyrirhugað er að halda námskeið í teikningu fyrir



VORSÝNINGIN 2001

Nú er styttest í vorsýningu Félags áhugamanna um tréskurð vorið 2001, en sýningin verður laugardaginn 21. og sunnudaginn 22. apríl í tengibyggingu Safnaðarheimilis Háteigskirkju v/ Háteigsveg kl. 13.00-17:00 báða dagana. Heiðursgestur sýningarinnar að þessu sinni er Þráinn Árnason, myndskurðarmeistari, en sjá má hér í Brýninu myndir af nokkrum verka hans sem verða á sýningunni.

Móttaka á útskornum munum félagsmanna til sýningarinnar þarf að afhenda föstudaginn 20. apríl kl. 18:00-19:30 á sama stað og að ofan og sækja aftur sunnudaginn 22. apríl kl. 17:00. Með sýningargripum þurfa að fylgja merkimiðar með nafni þátttakenda og upplýsingar um viðartegund og yfirborðsmeðferð, en þessar upplýsingar verða notaðar við gerð sýningarskráar.

Á sýningunni verður ennfremur til sýnis sveinsstykki Önnu Lilju Jónsdóttur, en á vorsýningu 2002 verður sveinsstykki Arnar Sigurðssonar til sýnis, en þau luku sem kunnugt er bæði sveinsprófi í tréskurði á árinu 2000.



Þráinn Árnason, myndskurðarmeistari

Félagsmenn eru hvattir til að taka þátt í vorsýningunni með sýningu á útskornum munum sínum og taka gesti með sér á sýninguna sem er að sjálfsögðu öllum opin og enginn aðgangseyrir.

Sýning í Ljósafossstöð 2001

Þjóðminjasafn Íslands undirbýr og setur upp veglega sýningu í samvinnu við Byggða- og náttúrusafn Árnesinga á gripum í eigu safnsins í nýrri kynningaraðstöðu Landsvirkjunar í Ljósafossstöð. Þema sýningarinnar verður Íslenskur útskurður Sýningin stendur frá júníbyrjun 2001 fram í desember. Um sumarið verður sýningin opin almenningi en um haustið stendur skólum til boða að heimsækja hana. Í tengslum við sýninguna er von á Ellen

Marie Magerøy frá Noregi, en hún hefur sem kunnugt er skrifað doktorsritgerð um íslenskan tréskurð og var rit hennar "Planteornamentikken i islandsk treskurd" gefið út í 2 bindum á dönsku árið 1967 og er mikill fengur öllu áhugafólki um tréskurð.

Félagsgjöldin

Gíróseðlar hafa verið sendir út til félagsmanna og eru þeir sem ekki eru búnir að gera skil, hvattir til að að bregða sér í "bankann" og greiða félagsgjöldin sem fyrst.



Bókahnifur eftir Þráin Árnason

Tínur og öskjur

Lilja Árnadóttir, minjavörður á Þjóðminjasafni kom á síðasta félagsfund vetrarins og hélt erindi um tínur og öskjur, gerð þeirra og not og útskurðinn á þeim. Hún sýndi litskyggnur sem teknar voru af tinum og öskjum í Þjóðminjasafni. Lilju er þakkað hennar fróðlega erindi og að erindi loknu var mikið spurt og rætt um efnið. Þá kom Lilja í erindi sínu inn á forna tréskurðarmeistara m.a. Guðmund Guðmundsson og fengum við að birta úrdrátt um hann, sem fer hér á eftir:

Guðmundur Guðmundsson var úr Borgarfirði (um 1618 - eftir 1686), kallaður "smiður" eða "snikkari". Hann er fyrsti fagmaðurinn menntaður erlendis, sem við þekkjum í sögu íslensks tréskurðar. Hann stundaði nám í Kaupmannahöfn. Hann var byggingameistari Brynjólfskirkju í Skálholti, sem var að mestu byggð um miðbik 17. aldar, meðan Brynjólfur Sveinsson var biskup. Það er líklegt að Guðmundur hafi einnig átt þátt í að smíða innri búnað kirkjunnar.

Síðar starfaði Guðmundur á Norðurlandi, þar sem Gísli biskup Þorláksson á Hólum fól honum ýmis verkefni. Meðal útskurðarverka hans í tré má nefna öskjulok frá 1677, kistu frá 1680 og stól án ártals, allt með upphafstöfum Ragnheiðar Jónsdóttur biskupsfrúar, einnig predikunarstól í Illugastaðakirkju í Fnjóskadal með upphafstöfum biskupshjóna og ártalinu 1683.

Líklegt er að Guðmundur hafi smíðað kirkjuna í Gröf á Höfðaströnd, sem er torfkirkja, og minnsta guðshús á Íslandi. Vindskeiðar á vesturgafli skar hann út og á þeim var teinungurinn hans granni, hér flatt skorinn og ekki ávalur, eins og á altarinu sem enn er í kirkjunni en

vindskeiðarnar hafa verið endurnýjaðar og þær upprunalegu eru í Þjóðminjasafni.

Guðmundur vann líka nokkur verk í stein og þekktasta verk hans er skálin fagra á skírnarfontinum í dómkirkjunni á Hólum, sem gerð er 1674. Hún er úr klébergi.

Stjórn félagsins:

Vilhjálmur G. Siggeirsson, form. s.5537768 - 8639395

Bjarni Þór Kristjánsson, varaform. s.5684654 - 6976294

Halldór Vilhelmsson, gjaldkeri, s. 5656122

Guðmundur K. Guðfinnsson, ritari. s. 5668157 - 8541257

Friðgeir H. Guðmundsson, meðstj. s. 5546775 - 8616775

Í ritnefnd Brýnisins eru:

Anna Lilja Jónsdóttir, s. 5538253 - 8648253

Friðgeir H. Guðmundsson, s. 5546775 - 8616775

Sigurður Kristjánsson, s. 5534399



Brýnið

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð
Birkihlíð 32,
105 Reykjavík
Heimasíða Félags áhugamanna um tréskurð
<http://www.islandia.is/~treskurd>

63

Sigurjón Gunnarsson
Asparfelli 12,
111 REYKJAVÍK